

# Landslagið

## er SVO sterkt

Segir Ragna  
Hermannsdóttir  
myndlistarkona

Ragna Hermannsdóttir opnar málverkasýningu í Austursal Kjarvalsstaða í dag, laugardaginn 27. ágúst. Á sýningunni eru 54 olfumálverk, máluð á pappír, karton og striga, auk einnar stórrar dúkristu. Verkin eru öll unnin á þessu ári en nú er rétt ár liðið síðan Ragna sýndi grafíkmyndir í Nýlistasafninu við Vatnssíg.

Ragna Hermannsdóttir stundaði nám við Myndlista- og handiðaskólann 1980-1982, fór síðan til eins árs námsdvalar til Bandaríkjanna, kom svo aftur heim og settist á skólabeck í MHÍ á nýjan leik, en stundaði síðan framhaldsnám við Ríkisakademíuna í Amsterdam í Hollandi 1984-1987. Síðastliðið ár hefur Ragna starfað hér heima og afraksturinn gefur að líta í Austursal Kjarvalsstaða næstu tvær vikurnar. Eftir að hafa rennt augum yfir myndirnar á sýningu Rögnu spyr ég hana hvort hún hafi snúið sér að landslagsmálun eftir heimkomuna frá Hollandi. Hún jánk- ar því. „Þetta er allt meira og minna málað undir áhrifum frá landslagi en ég gerði mér ekki grein fyrir því að ég væri að mála landslag fyrr en myndirnar voru tilbúnar. Það er ekki hægt að komast hjá slíkum áhrifum hér heima á Íslandi — landslagið er svo sterkt.“ Aðspurð um ákveðnar fyrirmyndir úr íslenskrí náttúru hristir hún höfuðið. „Nei, ég læt ímyndunaraflíð ráða ferðinni. Það má líka segja að þetta séu alls konar tilraunir með liti og litasamsetningar. Ég hef líka hugsað og undirbúið myndirnar á þessa sýningu sem eina heild — málað í salinn eins og sagt er,“ segir Ragna.

Ragna býður þó gestum sýningarinnar að skoða fleira en litagleðina




Morgunblaðið/KGA

Ragna Hermannsdóttir myndlistarmaður.

í landslagi ímyndunaraflsins því á sýningunni bregður fyrir figúratívum myndum — stemningum væri kannski rétt að segja. „Þetta eru rómantískar myndir, vetrarnætur í snjó og tunglskini,“ segir Ragna um tvær myndraðir sem blaðamanni verður stársýnt á. Nokkrar myndanna snúast um hringi og í sumum þeirra bregður fyrir einkennilegum skepnum. „Nei, ég veit ekki hvaða skepnur þetta eru,“ segir Ragna. „Mér sýnast þetta vera fuglar eða hestar. Ég hef mjög gaman af því þegar aðrir horfa á myndirnar mínar og sjá eitthvað allt annað en ég sé sjálf.“

Ragna hefur orð á því að þessar myndir séu mjög ólíkar þeim sem hún sýndi í Nýlistasafninu fyrir- ári. „Ég held að þetta sé umhverfisbreytingin. Maður málar öðruvísi á Íslandi en í Hollandi.“ Ferill Rögnu Hermannsdóttur myndlistarmanns er ólíkur því sem margur á að venjast. Ragna venti kvæði sínu í kross á þeim punkti í lífi sínu þegar aðrir hafa fellt allt í fastar skorður. Hún tók sig til eftir áralangt starf sem ljósmyndari og settist á skólabeck í myndlistinni — fullorðin konan — og hefur hvernig slegið slöku við síðan. Hún hefur tekið þátt í fimm samsýningum hér heima og erlendis og sýningin núna á Kjarvalsstöðum er sjöunda einkasýningin síðan 1985. „Ég fékk þessa myndlistardellu uppúr ljósmynduninni og sé ekki eftir því. Ég hef getað sinnt myndlistinni óskipt síðan en það er alltaf óvissa um framhaldið. Ég veit ekki hvað verður. Mér finnst mjög gott að vera komin heim og vinna hér aftur,“ segir Ragna. Aðspurð hvort þessi miklu umskipti í lífinu hafi verið ómaksins virði segir Ragna af sannfæringu: „Já, svo sannarlega.“

H. Sig.



Arnaldur Arnarson gítarleikari.

Arnaldur Arnarson gítarleikari er einn þeirra tónlistarmanna íslenskra sem lagt hafa land undir fót og stundað framhaldsnám erlendis. Slíkt er tæpast í frásögur færandi þar sem enginn telst fullnuma tónlistarmaður án framhaldsnáms á háskólastigi í viðurkenndum konservatorium eða akademíum úti í heimi. En Arnaldur hefur bætt um betur og fyrir fjórum árum sló hann sér niður í borginni Barcelona á Spáni og tekur þar þátt í rekstri Luthier-tónlistarskólans ásamt sambýliskonu sinni, Aliciu Alcalay, en hún er stofnandi og stjórnandi skólans. Arnaldur og Alicia hafa dvalið hér á landi í sumar og því var kjöríð tækifæri að forvitnast um skólann þeirra, tónlistarkennslu á Spáni og gera jafnvel einhvern samanburð á tónlistarnámi á Íslandi og á Spáni.

Ég spurði Arnald fyrst hvernig þetta hefði allt borið við, skólarekstur og kennsla í Barcelona. „Ég lauk mínu gítarnámi frá Royal Northern College of Music í Manchester á Englandi vorið 1982. Veturinn á eftir var ég hér heima og starfaði við gítarkennslu. Veturinn 1983-1984 fór ég til Alicante á Spáni og sótti þar einkatíma hjá gítarleikaranum José Tomás. Síðan 1984 hef ég starfað í Barcelona. Aðdragand-

inn að ferð minni þangað var dálítið tilviljanakenndur, ég fór með kennara mínum þangað en hann hafði verið fenginn að Luthier-tónlistarskólanum til þess að halda stutt námskeið. Ég fylgdi honum eiginlega mestan part af forvitni, mig langaði til að skoða Barcelonuborg og dvaldi þar í nokkra daga. Síðan má segja að málin hafi þróast á þann veg sem þeim er nú háttáð,“ segir Arnaldur og brosir

# Arnalds, Shakespeare, Tunström, Tsjekov


Hallmar Sigurðsson,  
leikhússtjóri LR  
segir frá verkefnum leikársins

Á haustdögum hefst starfsár leikhúsanna á ný, eftir sumarfrí starfsfólks. Leikfélag Reykjavíkur mun hefja starfsemi sína hinn 1. september og af því tilefni kom blaðamaður að máli við Hallmar Sigurðsson, leikhússtjóra og bað hann að segja frá verkefnum leikársins framundan.

„Fyrsta frumsýning vetrarins verður á nýju verki eftir Ragnar Arnalds sem hann nefnir Sveitasinfóníu. Þetta er kímín frásögn af sveitalífi fyrir tveim til þrem áratugum, með alvarlegum undirtón þó.

Verkið er ekki sögulegt, en fjallar um atburði og persónur sem við könnumst við úr raunveruleikanum, án þess að eiga sér beinar fyrirmyndir. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson, leikmynd gerir Sigurjón Jóhannsson og tónlistin er eftir Atla Heimi Sveinsson. Með viðamikil hlutverk fara Valdimar Örn Flygenring, Edda Heiðrún Bachmann, Margrét Ákadóttir og Gunnar Eyjólfsson. Frumsýning verður um 20. september.“

„Um mánaðamótin september október verður svo uppfærsla Kjartans Ragnarssonar á Hamlet tekin



Sjón er sögu ríkari því litagleði Rögnu fer forgörðum á svarthvítri ljósmynd.